



Mestu kaup Seðlabankans á gjaldeyri síðan í febrúar 2017

Íslenska krónan styrktist á móti evru í júní, en veiktist á móti Bandaríkjadal. Af 18 viðskiptadögum í júní greip SÍ inn á markaðinn sex daga, öll skiptin á kauphliðinni. Alls keypti SÍ evrur fyrir 18,2 ma.kr., sem eru mestu kaup í einum mánuði síðan í febrúar 2017.

Íslenska krónan styrktist á móti evru í júní. Í lok mánaðarins stóð evran í 146,5 krónum í samanburði við 147,6 í lok maí.

Bandaríkjadalur stóð í 123,2 krónum í lok júní samanborið við 121,0 í lok maí.


Velta á gjaldeyrismarkaði nam 41,4 ma.kr. (282 m.evra) í júní og jókst um 17% milli mánaða. Hlutdeild SÍ var 18,2 ma.kr (44%).

Af 18 viðskiptadögum í júní greip SÍ inn í markaðinn sex daga, öll skiptin á kauphliðinni. Alls keypti SÍ evrur fyrir 18,2 ma.kr. (124 m.evra). Þar af 12,7 ma.kr. (87 m.evra) næstu tvo daga eftir að hlutafjárútbóði Íslandsbanka lauk og voru þau kaup að öllum líkindum í tengslum við þátttöku erlendra fjárfesta því útbóði.

Þetta eru mestu nettó kaup SÍ í einum mánuði síðan í febrúar 2017. Þrátt fyrir þessi kaup er nettó sala SÍ á gjaldeyri síðan byrjun Covid-19 faraldursins 152 ma.kr., eða sem nemur um 18% af forðanum í upphafi faraldursins.


	30.6.2021	YTD	1M	3M	12M
GVT	191,1	-4,7%	-0,2%	-1,4%	-5,4%
EUR	146,5	-6,1%	-0,7%	-1,1%	-5,7%
USD	123,2	-3,1%	1,9%	-2,4%	-11,1%
GBP	170,7	-1,6%	-0,5%	-1,8%	0,3%
DKK	19,7	-6,1%	-0,7%	-1,1%	-5,5%
NOK	14,4	-3,5%	-0,3%	-2,8%	1,1%
SEK	14,5	-6,9%	-0,7%	0,2%	-2,1%
CHF	133,4	-7,6%	-0,7%	-0,3%	-8,5%
JPY	1,12	-9,7%	1,1%	-2,2%	-13,3%

Heimild: Kodiak






Það sem af er ári hefur íslenska krónan styrkst gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar.




Heimild: Macrobond

Velta á gjaldeyrismarkaði var 41,4ma.kr. (282 m.evra) í júní. Hlutdeild SÍ var 18,2 ma.kr (44%.)




Af 18 viðskiptadögum í júní greip SÍ inn á markaðinn sex daga, öll skiptinn á kaupliðinni.




Heimild: Macrobond

Nettókaup SÍ á gjaldeyri voru 18,2 ma.kr. (124 m.evra) í júní.




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 839 ma.kr. (5,7 ma. evrur) í lok maí.



Heimild: Macrobond


Flöktið á krónunni minnkaði þegar á leið júnímánuð.



Heimild: Macrobond




14.400 erlendir gestir fóru um Leifsstöð í maí.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 5,3 ma.kr. í maí.




Heimild: Macrobond

Raugengi miðað við verðlag var 8,0% hærra í maí en í sama mánuði 2020, nafngengið 4,5% sterkara.



Heimild: Macrobond

Framlag innlendrar verðbólgu til breytingar á raungengi var 4,0% til hækkunar, framlag alþjóðlegrar verðbólgu var 0,4% til lækkunar.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef